

1225. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 12. janúar 2022, kl. 17:30 í fjarfundi, Teams.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jón Steinar Brynjarsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1224. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar

Þessum dagskrárlíð var frestað til næsta fundar.

2. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði hreyfinguna hafa náð að stoppa af samning sóttvarnaryfirvalda við SA um vinnusóttkví. Ekki hafi verið haft neitt samráð við okkur eða stjórnvöld í málinu.

Hjá ASÍ hefur nú verið samþykkt starfs- og fjárhagsáætlun en þó með hallarekstri og þetta þurfum við að ræða á ASÍ þinginu á komandi hausti.

Nokkur samskipti eru við stjórnvöld vegna yfirvofandi verðlagshækkana en það er meira en áður hefur sést. Þetta er drifið af erlendum hækkunum t.d. vegna orku, umbúða og flutningskostnaðar. Við viljum að stjórnvöld bregðist við þessu.

Áróðurinn er byrjaður vegna komandi kjaraviðræðna. Það er varað við launahækkunum á sama tíma og það eru 80 milljarða arðgreiðslur hjá skráðum félögum og aðrir 200 milljarðar króna ááætlaðir í arð á árinu 2022. Það segir okkur að ekki eru allir að taka þátt í að leggjast á eitt í þessu ástandi sem nú er.

Rætt hefur verið um að stjórnvöld verði að klára það sem útaf stendur vegna loforða þeirra í tengslum við síðustu kjarasamninga. Þar myndu starfskjaralögin vera skoðuð fyrst og svo líka húsnæðismálin og verðtryggingin ofl.

Öldungaráð VR fundaði nýlega og var þar m.a. rætt um húsnæðismálin. Virðist sem að vilji sé hjá stjórnvöldum í að fara í átak í þeim efnum með okkur en hann mun hitta Sigurð Inga ráðherra fljótlega og vonandi gerist eitthvað.

Kosningar eru framundan í Eflingu og ljóst að Guðmundur og Ólöf Helga munu takast á um formannssætið en Ólöf Helga verður formannsefni Uppstillinganefndar svo Guðmundur kemur væntanlega með sér lista. Á hann von á listaframboði einnig frá Sólveigu Önnu en niðurstöður þessara kosninga munu hafa áhrif á hvernig farið verður í kjaraviðræðurnar.



Málefni leigufélagsins Blæs eru að verða klár loksins. Lokakynning á verkefninu var síðasta föstudag en þetta er flókið mál m.a. skattalega hliðin.

Fundur var í stjórn LÍV þar sem voru rædd m.a. erlend samskipti. Þá var rætt um framhaldsþingið sem fyrirhugað er í mars nk. en það er enn á ný í nokkru uppnámi vegna stöðu Covid faraldursins.

Umræður.

3. Mótun kröfugerðar. Breytingar vegna COVID.

Ragnar Þór sagði að vegna Covid sé verið að breyta og aðlaga það skipulag sem áður hafði verið kynnt um vinnuna í aðdraganda kjaraviðræðnanna.

Stefán lagði fram skjalið „*Teymið og skipulag verkefna 2.0*“ og fór yfir helstu breytingar m.a. þær að nú er ljóst að fundurinn með trúnaðarráði sem átti að vera í næstu viku fellur niður. Þann 27. janúar verður kjarakönnunin mótuð með kjaramálanefnd VR og síðan send drög á trúnaðarráð og trúnaðarmenn þann 28. janúar. Þann 16. febrúar verður svo fundur í kjaramálanefnd þar sem könnunin verður endanlega mótuð og svo send út þann 21. febrúar og stendur hún yfir til 7. mars.

Varðandi vinnufundinn með trúnaðarráði og trúnaðarmönnum um niðurstöðuna og mótun krafna þá er mjög nauðsynlegt að geta haldið þann fund og þá er frekar vænlegra að fresta þeim fundi svo hægt sé að halda hann þannig að fólk hittist. Jafnvel alveg fram í ágúst.

Ragnar Þór sagði að við myndum auglýsa vel könnunina og hafa hana áberandi og hvetja alla til að taka þátt. Því fleiri sem við fáum því sterkara verður okkar umboð.

Umræður.

4. Stjórnskipulag lífeyrissjóða

Ragnar Þór sagði að í síðustu könnun okkar hafi verið spurning um sjóðfélagalýðræði. Það er ljóst af því að andstaða er meðal almennings við aðkomu atvinnurekenda að stjórnnum sjóðanna. Margir vilji að kosið sé í stjórnirnar af almennum sjóðsfélögum en ekki skipað í þær eins og nú er. Vill hann dusta rykið af þessari umræðu. Það mætti líka reyna aðrar leiðir t.d. hafa oddamann í stjórnunum ofl.

Lífeyrissjóðirnir þurfa að hlusta meira á fólkíð fremur en að tala bara til þess. Það er erfitt fyrir hinn almenna félagan að hafa áhrif á ákvarðanir sjóðanna.

Umræður.

Í umræðum var ákveðið að halda síðar kynningu á þessu málefni fyrir stjórnina.

5. Starfsáætlun stjórnar VR

Stefán lagði fram skjalið „*Starfsáætlun stjórnar VR 2022*“ en þar var listað komandi stjórnarfundir og helstu fundir og viðburðir ársins sem framundan er. Vakti hann athygli á því að stjórnarfundur í apríl yrði haldinn 6. apríl fremur en þann 13. vegna páska. Þá er stjórnarfundurinn í október einnig á óhefðbundnum tíma þ.e. 19. október og er það vegna ASÍ þings.

Þá vakti Stefán athygli á því að Aðalfundur VR væri haldinn 28. mars en það er vegna ákvæða laga VR þar sem þess er krafist að fundurinn sé haldinn eigi síðar en 14 dögum eftir lok kosninga sem jafnan ljúki eigi síðar en 15. mars sem einnig er samkvæmt lögum. Annað er haldið á hefðbundnum tíma, ef Covid leyfir, svo sem 1. maí kröfuganga og fjölskylduskemmtun auk verkalýðskaffis, samkoma eldri félagsmanna á Uppstigningardag ofl.

Umræður.

Fundi slitið kl. 19:10

Árni Leósson, fundarritari